

Geðhjálp opnar skrifstofu

■ Geðhjálp hefur nú opna skrifstofu á daginn milli 3 og 5 að Bárugötu 11. Ef þú hefur þörf fyrir eða löngun til að ræða við einhvern þá komdu eða hringdu í síma 25990. Þá verða líka veittar allar upplýsingar um starf Geðhjálpar.

Þá er opið hús á fimmtu-

dagskvöldum milli 8 og 11 og á laugardögum og sunnudögum milli 2 og 6. Næsta námskeið hjá Geðhjálp verður 18. ágúst n.k. Þar verður tekið til meðferðar hvernig við bregðumst best við streitu. Námskeiðið er að sjálfsögðu öllum opið.